

Nd.

181. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir klofnað um þetta mál. Meiri hlutinn vill fella frv., en ég undirritaður tel rétt að samþykkja frv. að mestu óbreytt. Þó geri ég þá breytingu á frv., að uglur skulu eftir sem áður friðaðar. Þær munu mjög sjaldgæfar á landi hér, og hefir ekki heyrzt, að þær gerðu hér mikinn skaða. Virðist því tilgangslaust að ófriða þær. Öðru máli er að gegna um svanina, því af þeim er geysifjöldi sumstaðar hér á landi, og gera þeir víða mikinn skaða með því að spilla silungsveiði og skemma engjar og beitolönd.

Samkvæmt framanrituðu legg ég til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Orðin „og snæuglur“ í 1. gr. frv. falli niður.
2. 2. gr. falli niður.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 17. marz 1933.

Bergur Jónsson.